

Sveitarfélagið Árborg  
Ásdís Styrmsdóttir  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss

Reykjavík, 27. febrúar 2023  
UST202302-017/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulag Árbakka í landi Laugardæla á Selfossi – Sveitarfélagið Árborg**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árborgar er barst 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Árbakkaland á Selfossi.

Í greinargerð kemur fram að í gildi er deiliskipulag fyrir Árbakka í landi Laugardæla og mun það deiliskipulag falla úr gildi og deiliskipulagstillagan, sem hér er til umfjöllunar taka yfir gildandi deiliskipulag innan deiliskipulagsmarka hennar.

Auk þess kemur fram að á svæðinu er gert ráð fyrir u.þ.b. 550 íbúðum og þær skiptast í grófum dráttum þannig að tæplega 20% íbúðanna verða í sérbýli, og rúmlega 80% íbúðanna verða í fjölbýlishúsum. Auk þess segir að gert er ráð fyrir íbúðabyggð með almennum íbúðum. Auk íbúðanna er gert ráð fyrir leikskóla á svæðinu. Á svæðinu verða íbúðir fyrir eldra fólk auk þess að gert er ráð fyrir einu sambýli.

Heildarstærð skipulagssvæðisins er um 20 ha að flatarmáli.

Umhverfisstofnun vill hvetja sveitarfélagið til að líta til umsagnar sem stofnunin veitti varðandi skipulagsverkefnið 13. janúar 2022.<sup>1</sup>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Björn Stefánsson  
**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%3%b6gn%20%3%81rbakki.pdf>